

Nd.

423. Nefndarálit

um frv. til l. um þjóðfána Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Í 1.—3. gr. frv. eru tekin upp gildandi fyrirmæli um gerð íslenzks þjóðfána, en þau þá jafnframt niður felld samkv. 15. gr. Í 4.—14. gr. eru ákvæði um meðferð þjóðfánans, svo og ákvæði um viðurlög. Er frv. lagt fram vegna ályktunar efri deildar Alþingis 1940 um „réttu notkun þjóðfánans“.

Nefndin fellst á, að rétt sé að sameina í einn lagabálk ákvæðin um gerð þjóðfánans og notkun hans.

Gerð þjóðfánans íslenska var, svo sem mörgum mun vera kunnugt, ákveðin samkvæmt tillögum 5 manna millipinganefndar, er skipuð var 30. des. 1913 til að „koma fram með tillögum til stjórnarinnar um lögum og lit fánans“. Í nefnd þessari voru Guðmundur Björnsson landlæknir (formaður), Jón Aðils sagnfræðingur, Matthias Þórðarson fornminjavörður, Ólafur Björnsson ritstjóri og Þórarinn Þorláksson listmálari.

En hugmyndin um þrilitan (hvítan, rauðan, bláan) þjóðfána til handa Íslendingum er raunar miklu eldri, eða um 55 ára gömul að minnsta kosti. Árið 1885 flutti stjórnskipunarnefnd neðri deildar Alþingis frumvarp um þjóðfána fyrir Ísland, en formaður þeirrar nefndar var Jón Sigurðsson á Gautlöndum, og hafði hann orð fyrir frumvarpinu. Var þetta í fyrsta sinn, að frumvarp um íslenzkan þjóðfána var lagt fyrir Alþingi, og er það því upphaf fánamálsins á þeim vettvangi. Samkvæmt þessu frv. skyldi fáninn vera, eins og nú, blár með rauðum og hvítum krossi („með rauðum krossi hvítjörðruðum“), en mynd af fálka í þrem hornum og danska fánanum sem sambandsmerki í einu. Hafði Benedikt Gröndal málað fánann eftir uppástungu nefndarinnar, og voru þær myndir lagðar fram til sýnis í lestrarsal Alþingis. Í nefndinni voru auk Jóns á Gautlöndum: Benedikt Sveinsson, Þórarinn Böðvarsson, Þorvaldur Kjerulf, Þórður Magnússon og Jón Jónsson (síðar á Stafafelli). Þessar sögulegu fánamyndir eru enn til hér á þjóðminjasafninu, og hefur nefndinni þótt hlýða að láta þær fylgja nefndarálitinu prentaðar í réttum litum ásamt fánafrv. stjórnskipunarnefndarinnar frá 1885.

Þegar þjóðfáninn var endanlega ákveðinn um 30 árum síðar, voru niður felldar fálkamyndirnar og sambandsmerkið og hlutföllum litils háttar breytt. En uppruna þjóðfánans má þó í aðalatriðum rekja til frumvarpsins 1885, enda er greinilega að því vikið í álitni fánanefndarinnar 1914.

Á þeim greinum frv., sem fjalla um gerð þjóðfánans, telur nefndin ekki koma til mála að gera neinar efnisbreytingar. Hins vegar telur hún rétt, að ákvæðin um verndun þjóðfánans séu gerð nokkru fyllri. Að því lúta brtt. við 12. gr.



Aðrar brtt. nefndarinnar eru aðallega orðalagsbreytingar. Telur nefndin rétt, að vandað sé til orðfæris í fánalögum Íslendinga, meir en gert hefur verið í fyrirmælum þeim, er gilt hafa og tekin eru inn í frv.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár (ultramarineblár) með mjallhvítum krossi og eldrauðum (hárauðum) krossi innan í hvíta krossinum. Armar



Íslenskur þjóðfáni samkvæmt uppástungu Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum, Benedikts Sveinssonar o. fl. árið 1885. Myndirnar gerði Benedikt skáld Gröndal.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.
9. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Sýnishorn af réttum litum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum o. s. frv.
10. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá o. s. frv.
11. Við 12. gr.
- a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.
Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.
Óheimilt er einstökum stjórnmaflokki að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.
Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki o. s. frv.
- b. Upphaf síðustu málsgr. greinarinnar orðist svo:
Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning o. s. frv.

Alþingi, 8. maí 1941.

Bergur Jónsson,
form.

Vilmundur Jónsson,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson,
frsm.

Jóhann G. Möller.

Garðar Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Upphaf fánamálsins á Alþingi 1885.

Nd.

161. Frumvarp

til laga um þjóðfána fyrir Ísland. -- Frá stjórnarskipunarlaganefndinni.
Flutningsm.: Jón Sigurðsson.

1. gr. Ísland skal hafa sérstakan fána.
2. gr. Verzlunarfána Íslands skal skipt í 4 ferhyrnda reiti, er séu greindir með rauðum krossi hvítjòðruðum. Skulu 3 reitirnir vera bláir og á hvern þeirra markaður hvítur fálki. Fjórði reiturinn skal vera auður með hvítum krossi eftir sömu hlutföllum sem í meginfánanum, og skal það vera sá reitur, sem næstur er stönginni að ofan, þegar fáninn er hafinn.
Breidd krossins skal vera $\frac{1}{4}$ af breidd alls fánans. Báðir eftri reitirnir næst stönginni skulu vera rétthyrndir og jafnhliða. Lengd beggja fremri reitanna skal standa í sama hlutfalli við lengd eftri reitanna, sem 6 á móti 4.
3. gr. Öll íslensk skip skulu hafa hinn íslenska verzlunarfána sem þjóðernismerki. Íslensk skip eru þau skip, sem eru íslensk eign, og þau skip önnur, sem eru í þjónustu landsins.
4. gr. Stjórninni og umboðsmönnum hennar skal heimilt að hafa tvítyngdan fána, og skal hann hafa sömu gerð sem hinn almenni verzlunarfáni, að öðru en því, að lengd beggja fremri reitanna skal standa í sama hlutfalli við lengd eftri reitanna, sem 5 á móti 4, og skulu þá tungurnar hvor um sig vera að lengd $\frac{3}{12}$ af lengd meginfánans. Heimilt er og að hafa fangamark konungs í þessum fána.
5. gr. Landstjórnin skal gera þær ráðstafanir, sem með þarf, lögum þessum til framkvæmdar.
6. gr. Allar eldri ákvarðanir, sem koma í bága við þessi lög, eru hér með úr lögum numdar.